

# Leiðbeiningar fyrir eftirlit með merkingum vegaf framkvæmda

Þetta skjal er til leiðbeiningar með matsblaði fyrir merkingar vegaf framkvæmda.

**Verkkaupi hefur úrskurðarvald í túlkun á þessu skjali.**

## b1

### Merkingaáætlun á framkvæmdarstað

1. Afrit af merkingaplani finnst á framkvæmdarstað og eftirlitsmaður merkinga með réttindi á staðnum
2. Afrit finnst ekki, er týnt eða merkingarmaður ekki á staðnum sé þess krafist.
3. Afrit finnst ekki annað skiptið í röð eða merkingarmaður ekki með réttindi, sé þess krafist

## b2

### Eftirlit með merkingum, skráning gagna

1. Reglubundið eftirlit er framkvæmt á vinnutíma/utan vinnutíma (sé þess krafist) Fullnægjandi skráning gagna um framkvæmd eftirlits og þær breytingar og úrræði sem hafa verið tekin.
2. Eftirlit ekki framkvæmt samkvæmt samningi (>20% frávik) Illa skráð eftirlit.
3. Eftirlit ekki framkvæmt eða aðeins einstaka sinnum. Ekki fylgt eftir athugasemdum úr eftirlitsúttekt Gögn finnast ekki Eftirlitsgögn eru fyllt út eftir á. Undirskrift vantar.

## b3

### Vegvísun

1. Merkingar vel sýnilegar, samfelldar og vel útfærðar.
2. Vegvísun ekki auðskilin eða samfelld.. Bráðabirgðamerki (H-merki) ekki með endurskini. Vegvísa vantar áður en komið á er framkvæmdasvæðið (þar sem þess er þörf) Vegvísar eru þannig uppstilltir að þeir geta leitt til misskilnings eða þeir eru án endurskins.
3. Akreina merki og önnur merki sem ekki eru í gildi á meðan framkvæmdum stendur eru ekki hulin. Stórir gallar á uppsetningu vegvísa ( t.d. Vegvísa vantar á gatnamótum). Vegvísar ekki huldir þar sem þess er þörf.

## b4

### Akstursleiðir

1. Skýrar akstursleiðir, vel merktar leiðir með reglulegu bili, með vegriðum , gátskjöldum vegatálmum, vegstikum eða keilum.
2. Lítil göt í merktum akstursleiðum. Ójafnt bil. Gátskildir, vegatálmar, keilur eða vegstikur skakkar meðfram beinum köflum. Tvíræðar línumerkingar.
3. Stór göt í merktum akstursleiðum. Löng bil á milli vegatálma, stika eða keila. Erfitt að átta sig á því hvar á að aka. Villandi línumerkingar ekki fjarlægðar Stefnuörvar og akreina merki misvísandi. Merkingar vantar þar sem óskýrt er hvaða akreina skal valin. Bráðabirgðavegmerkingar vantar þar sem þeirra er þörf eða á þær vantar endurskin þar sem þess er þörf. Alvarlega misleiðandi merkingar

## **b5**

### **Stjórnun umferðar, ljósastryring**

1. Góður sýnileiki ljósa og viðvörunarmerkja.  
Stöðug og örugg uppsetning  
Stýringar fyrir rautt ljós fyrir hendi.  
Engin ljós sem geta valdið misskilningi eru til staðar.
2. Ójöfn umferðarstryring  
Ljós eru ekki nógu björt, ( skulu hafa skýra mynd, jafnvel í sterku sólskini)  
Minniháttar frávik frá 3-mín biðtímareglunni.
3. Einstaka ljós í umferðarljósunum vantar eða virkar ekki  
Ljós eru illsjáanleg  
Ljós sem geta valdið misskilningi eru sjáanleg.  
Biðtími á ljósum lengri en 5 mínútur.

## **b6**

### **Stjórnun umferðar vaktmenn**

1. Vaktmaður við umferðarstryrn er rétt útbúinn, í réttum vinnufatnaði (gulum vel sjáanlegum jakka)
2. Mjög óhreinn vinnufatnaður eða mjög óhreinn merkjabúnaður. Óskýr viðbrögð eða aðgerðir
3. Vinnufatnaður er ekki af samþykktri tegund eða vantar.  
Slæm eða engin samskipti milli vaktmanna  
Vaktmann vantar á aðliggjandi veg þar sem umferð er stýrt.

## **b7**

### **Kröfur um öryggisáætlun/öryggisbúnað/vinnufatnað**

1. Öryggisáætlun fyrir hendi, öryggisbúnaður í lagi, allt starfsfólk er í vinnufatnaði samkvæmt kröfum.
2. Öryggisáætlun ekki að fullu uppfyllt, vinnufatnaður óhreinn
3. Öryggisbúnaður ófullnægjandi, starfsfólk (einn eða fleiri) er ekki í vinnufatnaði samkvæmt kröfum, öryggisáætlun vantar.

## **Reglur við úttektir á a hluta**

### **a1 – a37**

- a. Við úttekt á merkingum vegna klæðingarvinnu þá er hver kafli skilgreindur sem eitt vinnusvæði.
- b. Þegar teknir eru út ósopaðir kaflar þá er eingöngu tekinn út a hluti úttektarinnar
- c. Merki sem gleymst hefur að fjarlægja eða hylja fellur undir lið a15 á úttektarblaði
- d. Merki sem ekki eru á áætlun og veita engar eða villandi upplýsingar eiga ekki að teljast með heild í fjölda. Viðbótarkerki sem koma á lengri köflum, t.d. steinkast, teljast með heildarfjölda.